

Alþingi - nefndasvið

Efni:

Umsögn mannréttindaskrifstofu um frumvarp til laga um þungunarrof 149. löggjafarþing 2018-2019, þingskjal 521 — 393. mál

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar styður frumvarp til laga um þungunarrof og telur mikilvægt að breyta hugtakanotkun, eins og gert er í frumvarpinu, þar sem hugtakið föstureyðing er gildishlaðið eins og fjallað er um í greinargerð frumvarpsins.

Sjálfsákvörðunarréttur kvenna er grundvallarmannréttindi og því rökrétt breyting að þess ekki krafist, skv. frumvarpinu, að utanaðkomandi aðilar þurfi að samþykkja þungunarrof.

Mannréttindaskrifstofa leggur til að í stað þess að vísa einvörðungu til kvenna, eins og gert er í frumvarpinu, sé notað kona/þungaður einstaklingur þar sem í samfélaginu eru einstaklingar með æxlunarfæri kvenna sem ekki upplifa sig sem konur.

Það er einnig mjög stórt framfaraskref að fella á brott setningar þess efnis að vansköpun, erfðagallar eða sköddun fösturs séu forsendur þess að þungunarrof sé heimilt eftir 16. viku eins og er í núgildandi lögum. Að fötlun sé tiltekin sem ástæða þungunarrofs lýsir fordómum í garð fatlaðs fólks.

4. grein

Hér er gefin heimild til að rjúfa þungun til loka 22. viku þó einnig sé tilgreint að þungunarrof skuli ætíð framkvæma eins fljótt og auðið er og helst fyrir lok 12. viku þungunar. Þessi heimild er mikilvæg fyrir jaðarsetta einstaklinga sem kunna að búa við slæmar aðstæður og hafa skerta getu til að meta ástand sitt tímanlega þegar um þungun er að ræða. Þetta er fámennur hópur en þessi heimild er engu að síður mikilvæg fyrir hann.

8. grein

Í greininni kemur fram að öll fræðsla og ráðgjöf í tengslum við þungunarrof skuli veitt á óhlutdrægan hátt og byggjast á gagnreyndri þekkingu með virðingu fyrir mannréttindum og með mannlega reisu að leiðarljósi.

Þetta vekur upp spurningar þess efnis hvornig skuli bregðast við ef það er vitað t.d. að ákveðnir læknar eru alfarið á móti þungunarrofi.

Í greininni segir að að kona skuli eiga kost á stuðningsviðtali bæði fyrir og eftir þungunarrof. Lagt er til að þessu sé breytt á þann veg að kona/einstaklingur með æxlunarfæri kvenna ásamt maka eða einstaklingi sem hún kys að hafa með sér eigi kost á stuðningsviðtali bæði fyrir og eftir þungunarrof.

9. grein

Þungunarrof er skv. greininni einungis gjaldfrjálst fyrir konur sem eru sjúkratryggðar samkvæmt lögum um sjúkratryggingar. Þetta útilokar t.d. konur í leit að alþjóðlegri vernd sem

eru jaðarsettur og viðkvæmur hópur. Þær hafa oft orðið fyrir kynferðisofbeldi annað hvort á flóttanum eða í stríðsátökum og orðið þungaðar fyrir vikið. Það er óþarfi að fjölyrða um fjárhagslega stöðu þessara kvenna. Mannréttindaskrifstofan leggur til að þær njóti sama réttar til gjaldfriðs þungunarrofs og sjúkratryggðar konur.

Virðingarfyllst

Halldóra Gunnarsdóttir
Valgerður Jónsdóttir